

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/561 2030/EES/49/32**frá 29. janúar 2018****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur um prótín í stoðblöndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 ⁽²⁾ er m.a. mælt fyrir um reglur um samsetningar og merkingar fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur.
- 2) Í framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 er sérstaklega kveðið á um að stoðblöndur, sem framleiddar eru úr kúamjólkur- eða geitamjólkurprótínum, skuli innihalda a.m.k. 1,8 g prótín/100 kkal (0,43 g/100 kJ).
- 3) Framkvæmdastjórnin fékk beiðni frá stjórnanda matvælaþyrtingis um að setja á markað stoðblöndu, sem er að stofni til úr óbreyttu prótíni úr kúamjólk með prótínnihald sem nemur a.m.k. 1,61 g/100 kkal, sem er undir leyfðu magni í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB ⁽³⁾ og framseldri reglugerð (ESB) 2016/127.
- 4) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu út vísindalegt álit 5. apríl 2017 um öryggi stoðblandna með prótínnihald sem nemur a.m.k. 1,6 g/100 kkal og nothæfi þeirra fyrir ungbörn ⁽⁴⁾. Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að notkun stoðblöndu, sem er að stofni til úr óbreyttu prótíni úr kúamjólk eða geitamjólk, með prótínnihald sem nemur 1,6 g/100 kkal (0,38 g/100 kJ) og sem er að öðru leyti í samræmi við kröfurnar í viðeigandi reglum Sambandsins, sé örugg og henti heilbrigðum ungbörnum sem búa í Evrópu og fá viðbótarfæðu af nægilegum gæðum. Á grundvelli þess álits og til að stuðla að þróun nýjunga í vörum ætti að lækka lágmarksinnihald prótíns, sem er krafist samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 fyrir stoðblöndur sem eru að stofni til úr kúamjólk eða geitamjólk, í 1,6 g/100 kkal.
- 5) Því ætti að breyta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 2016/127 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 94, 12.4.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1.)

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjútíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4781.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað töflunnar í lið 2.1 (Stoðblöndur sem eru framleiddar úr kúamjólkur- eða geitamjólkurprótínum) í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 komi eftirfarandi:

Lágmark	Hámark
0,38 g/100 kJ (1,6 g/100 kkal)	0,6 g/100 kJ (2,5 g/100 kkal)

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1951**2030/EES/49/33**

frá 25. október 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 með því að framlengja hana til 2020**(Texti sem varðar EES og Sviss) (*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Áreiðanlegar og viðeigandi vísbendingar er byggjast á tímanlegum evrópskum hagskýrslum sem eru aðgengilegar öllum og nota má við stefnumótun, eru mikilvægar til að mæla framgang og meta skilvirkni stefnu og áætlana Sambandsins, einkum í samhengi áætlunarinnar Evrópa 2020 sem kynnt var í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 undir fyrirsögninni „Evrópa 2020: Stefnuáætlun fyrir snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ (Evrópa 2020) og áætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir störf, vöxt, sanngirni og lýðræðislegar breytingar.
- 2) Nálágast ætti evrópskar hagskýrslur á yfirgripsmikinn og víðtækan hátt sem lætur í té nákvæm gögn til að hjálpa til við frekara samrunaferli í Sambandinu.
- 3) Tiltækileiki áreiðanlegra og yfirgripsmikilla evrópskra hagskýrslna er mikilvægur í almannabágu og er til hagræðis fyrir þá sem taka ákvarðanir, rannsakendur og almenning.
- 4) Gott jafnvægi á milli efnahagslegra- og félagslegra markmiða í Evrópuönninni er sérstaklega mikilvægt fyrir sjálfbærni og lögmæti Efnahags- og myntbandalagsins. Til samræmis við það hafa markmið í félags- og atvinnumálum orðið umfangsmeiri innan Evrópuannarinnar, bæði með skýrslum einstakra landa og tilmælum fyrir hvert land þar metnar áskoranir í félags- og atvinnumálum og stefnuumbætur eru eflidar á grunni bestu starfsvenja. Í því skyni eru tölfraðilegar upplýsingar um félagsmál sérlega mikilvægar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar (bíður birtingar).

(1) Stjórnartíð. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 53.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. september 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2017.